



<b>Kennari:</b>	<b>Hrefna Clausen</b>	<b>St.312</b>	<b>HC</b>
-----------------	-----------------------	---------------	-----------

## Áfangalýsing:

Viðfangsefni undanfaranna, Fran1AA/BB rifjuð upp og sett í nýtt samhengi. Áfram unnið að aukinni færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun. Orðaforði aukinn og ný málfræði kennd og þjálfuð. Eftirfarandi efnisþættir munu liggja til grundvallar:

La Francophonie, þ.e. frönskumælandi málsamfélög, húsnaði, borgarlíf, matur og drykkur, hefðir, veðurfar, sjálfbærni, mannréttindi, umhverfismál, persónuleiki, útlit, tilfinningar, áhugamál, daglegar athafnir í þátíð, nútíð og framtíð. Myndefni og tónlist fléttað inn í kennslu til að kynna menningu frönskumælandi landa. Áhersla er lögð á að nemendur tjái sig sem mest á frönsku í töluðu og rituðu máli, beri ábyrgð á eigin námi, sýni sjálfstæð og vönduð vinnubrögð, frumkvæði og skapandi hugsun.

## Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa afluð sér þekkingar og skilnings á:

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins
- mannlífi, menningu og siðum í löndum þar sem tungumálið er talað sem móðurmál/fyrsta mál
- samskiptavenjum
- formgerð og byggingu texta
- mismuni á töluðu og rituðu máli

## Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja talað mál um kunnuglegt efni þegar talað er skýrt og áheyrilega
- lesa ýmiss konar texta um kunnuglegt efni og beita viðeigandi aðferðum eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni
- bregðast við spurningum um kunnuglegt efni, beita viðeigandi kurteisisvenjum og hljómfalli við hæfi
- beita nauðsynlegum orðaforða til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins
- skrifa einfaldan texta um efni sem hann þekkir og nota viðeigandi málfar
- fara eftir grundvallarreglum sem gilda um ritað mál
- nota upplýsingatækni og hjálpargögn við tungumálanámið

**Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- tjá sig um hugðarefni sín og áhugamál
  - tjá sig um liðna og ókomna atburði
  - tjá skoðanir og tilfinningar
  - takast á við kunnuglegar aðstæður í almennum samskiptum og beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum
  - lesa texta af hæfilegu þyngdarstigi og tjá skoðun sína
- 

**Markmið áfangans :** Í Fran1CC er stefnt að því að nemendur

**Hlustun :**

- geti skilið fyrirmæli kennarans á frönsku og brugðist við þeim
- geti skilið talað mál við daglegar aðstæður

**Lestur :**

- geti lesið til skilnings texta með einföldum orðaforða sem fjalla um þekkt efni
- geti lesið lengri texta til skilnings á meginefni hans

**Tal :**

- nái betra valdi á frönskum framburði
- geti lýst daglegum athöfnum, greint frá atburðum í liðinni tíð, nútíð og framtíð, óskað upplýsinga og þjónustu á ýmsum opinberum stöðum.
- 

**Ritun :**

- geti skrifað samfelld mál um líðandi stund og liðna atburði

**Kennsluefni og námsgögn :**

- ✓ **Alter Ego + A1** lesbók. Höfundar A. Berthet, E. Daill og fl. Útgefandi Hachette.
- ✓ **Journal du bord / Leiðarabók** (stílabók) fyrir glósur úr tímum, verkefni, ígrundun o.fl. Leiðarabókin sýnir virkni á önninni og er þannig hluti af námsefninu.
- ✓ **Mappa** til að halda til haga efni sem kennari dreifir í tímum, ljósritum og fl.
- ✓ **Kennsluvefir með gagnvirkum orðaforða- málfræði- og framburðaræfingum fyrir nemendur í frönsku á öllum stigum námsins.**
- ✓ [www.snara.is/franska](http://www.snara.is/franska) - <https://www.wordreference.com/fr/>
- ✓ <https://www.francaisavec pierre.com/category/francais-pour-debutants/> - Kennsluvefur Pierre
- ✓ <http://apprendre.tv5monde.com/fr/niveaux/a2-elementaire> Kennsluvefur TV5
- ✓ <http://leconjugueur.lefigaro.fr/> : Gagnlegur vefur um beygingu allra franskra sagna.
- ✓ <https://quizlet.com/class/2470422/> - Quizlet kennsluvefur fyrir Fran1CC

## ÁÆTLUN UM YFIRFERÐ NÁMSEFNIS OG KENNSLU Á ÖNNINNI

Kennslubókin, *Alter Ego + A1* lesbók. Höfundar A. Berthet, E. Daill og fl. Útg.: Hachette.

Markmiðið er að ljúka yfirkaflanum Dossier 9. Fjölbreytt námsmat verður viðhaft reglulega á önninni til að meta kunnáttu nemenda. Kennari mun einnig reglulega meta virkni og vinnubrögð í og utan kennslustunda. Stuðst verður að miklu leyti við **leiðsagnarmat**. Leiðsagnarmat hjálpar nemendum við að tileinka sér námsefnið jafnt og þétt og hvetur þá áfram með reglulegri endurgjöf í formi munnlegra og skriflegra umsagna svo þeir megi bæta sig og ná betri árangri í námsferlinu.

### Athugið vel eftirfarandi :

- Nemendur **bera sjálfir ábyrgð** á náminu. Því er nauðsynlegt að skipuleggja vel tíma sinn, mæta í kennslustundir, sinna náminu jafnt og þétt og fylgjast með framvindu þess. Auðvelt er að dragast afturúr með slugsí og fjarveru.
- Geti nemandi ekki tekið próf eða lokið verkefni á þeim tíma sem það er lagt fyrir, **skal hann sjálfur hafa frumkvæði að því að ljúka því á öðrum tíma**. Annars verður gefin einkunnin **0**.
- Nemendur sem einhverra hluta vegna eru undanþegnir skólasóknarreglum, skulu **fylgjast vel með allri vinnu áfangans** m.a. á INNU og á lokaðri FB síðu áfangans og **hafa reglulega samband við kennara varðandi framvindu og vinnubrögð**.
- Ýmis verkefni vinna nemendur sjálfstætt, heima og í tímum.
- **Einkunnin 0 er gefin fyrir vanskil og eða fjarveru frá verkefnum og skyndiprófum**, hafi engin viðhlítandi skýring borist þar að lútandi.
- Notkun snjalltækja í kennslustundum er **takmörkuð og háð reglum** sem kennari setur.
- **Allir nemendur taka skriflegt lokapróf óháð annareinkunn.**

### NÁMSMAT

**Annareinkunn** *Kannanir, verkefni, netnám, virkni og vinnubrögð í og utan kennslustunda* **30%**

**Skriflegt, munnlegt og hlustunar próf í lok annar** **70%**

**Lokaeinkunn** **100%**

***Með fyrirvara um breytingar og von um farsælt samstarf á önninni.***

**FSu, ágúst 2019, Hrefna Clausen.**